



Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2005

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá ritnefnd

Jólin nálgast með ljósum og gleði. Nú fá félagskonur Delta Kappa Gamma inn um bréfalúgurnar enn einn gleðigjafinn, þ.e. fréttabréfið góða. Ný og óreynd ritnefnd úr Þetadeild, hóf störf í haust og naut góðrar ráðgjafar fyrri ritnefndar. Við þökkum Margréti Kristínu Jónsdóttur, Selmu Hauksdóttur og Sigrúnu Aðalgeirsdóttur fyrir að styðja okkur fyrstu skrefin.

Eins og fyrr ritnefndir litum við svo á að hlutverk nefndarinnar sé að taka saman og ritsýra efni fréttabréfsins, en ekki að skrifa það. Í þessu blaði er bréf frá forseta landssambandsins, Ingibjörgu Einarsdóttur og pistill um Evrópuráðstefnuna sem haldin var í Turku í Finnlandi í sumar. Guðbjörg Aðalbergsdóttir skrifar um starfsemi nýjasta framhaldsskóla landsins. Einnig eru fréttir frá deildum og upplýsingar um stjórnir og nefndir Delta Kappa Gamma 2005-2007. Við þökkum öllum þeim ágætu konum sem sendu okkur efni og gerðu fréttabréfið að því sem það er.

Um leið og við hlökkum til gleðilegra samverustunda með fjölskyldum og vinum um jólin hugsum við til þeirra fjölmörgu sem eiga um sárt að binda. Við hvetjum félagskonur til að leggja sitt af mörkum til að bæta líf og liðan fátækra barna. Talið er að börn deyi á þriggja sekúndna fresti úr hungri og sjúkdómum í heiminum í dag, vegna fátækta.

Við sendum félagskonum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðiríka jólahátið og farsæld á komandi ári.

Auður Vilhelmsdóttir audur@gerdaskoli.is
Elín Rut Ólafsdóttir ero@fss.is
Oddny Harðardóttir oddny@fss.is



Bréf frá landssambandsforseta Ingibjörgu Einarsdóttur

Ágætu Delta Kappa Gamma systur

Það hreyfði óneitanlega við hjarta hverrar konu sú mikla samstaða sem náðist á 30 ára afmæli kvennafrídagsins 24. október sl. Ég var bæði þátttakandi í kvennafrideginum 1975 og var svo meðal 50 þúsundanna sem komu í miðbæ Reykjavíkur á afmælisdaginn og við fórum fetið niður Skólavörðustíginn. Mér fannst þessi ganga táknað fyrir það hversu hægt hún fór, við fórum fetið og þannig hefur kvennabaráttan einmitt verið, við höfum fetað okkur áfram. Ýmislegt hefur áunnist á þessum 30 árum en við höfum ekki lokið göngunni.

Konur í Delta Kappa Gamma á Íslandi eru allar uppteknar konur, sinna allar mikilvægum störfum en í erli dagsins megum við ekki gleyma félagskapnum okkar góða sem hefur þrjú mikilvæg einkunnarorð að leiðarljósi sem eru vinátta, hjálpsemi og trúmennska. Við þurfum ávallt að vera minnugar mikilvægi þessara orða og gera allt sem í okkar valdi stendur til að félagskapurinn eflist og dafni. Það gerum við m.a. með því að mæta á alla félagsfundi og miðla þar því sem á dagana drifur í fræðslu- og menntamálum innan lands og utan og láta okkur þykja vænt um félagskapinn.

Á framkvæmdaráðsfundi þ. 3. september sl. lagði ný landssbandsstjórn fram drög að framkvæmdáætlun til næstu tveggja ára og var áætlunin samþykkt samhljóða. Formenn deilda sitja í framkvæmdaráði og hafa væntanlega gert grein fyrir framkvæmdáætluninni hver í sinni deild.

Í áætluninni var m.a. lagt til að hlúð yrði sérstaklega að innra starfi deilda og gætt vel að mætingum. Kynt yrðu störf félagskvenna bæði innan deilda, milli deilda og viðar i samféluginu. Fjölgað yrði félagskonum í flestum deildum og stofnuð yrði ný deild á Reykjavíkursvæðinu. Þessa dagana er unnið að endurreisn Zetadeilda á Austfjörðum en þar

hafa búferlaflutningar haft mikil áhrif á starfsemina. Stjórnin lagði jafnframt til að fjallað yrði um og komið á framfæri mikilvægi aðstæðna og umhverfis með tilliti til námsárangurs.

Vorþing verður haldið í Hafnarfirði 6. maí 2006 og hvet ég allar félagskonur til að taka daginn frá og mæta vel. Það er altaf sérlega gefandi að mæta á vorþing og landssambandsþing, hitta konur úr öðrum deildum og verða þannig enn frekar hluti af heildinni.

Landssambandið verður 30 ára 28. mars 2007 og teljum við það mjög merkan áfanga.

Af því tilefni var skipuð sérstök afmælisnefnd sem getið er um á öðrum stað hér í blaðinu og hefur nefndin nú þegar komið saman og lagt drög að ýmsu skemmtilegu.

Þann 7. nóvember átti Alfadeildin 30 ára afmæli og sendum við þeim hugheilar afmælisóskir í tilefni þessara merku tíma móta.

Allar nefndir eru fullskipaðar og voru sumar kosnar á landssambandsþinginu en aðrar eru skipaðar af landssbandsstjórn. Það er ánægjulegt að geta þess hér að það gekk afskaplega vel að fá konur til að sitja í þessum nefndum og undantekningarlaust tóku þær erindinu vel.

Bráðum koma blessuð jólin og vonandi hlökkum við allar til jólanna. Á fyrsta sunnudegi í aðventu sem jafnframt er fyrsti sunnudagur kirkjuársins er kveikt á spádómkertinu og á þeim næsta kveikjum við á Betlehemskertinu. Þriðja kertið á aðventukransinum heitir hirðakerti og það fjórða og síðasta englakerti. Nafngiftir þessar flytja okkur í einfaldleik sínum jólaboðskapinn allt frá spádómnum um komu frelsarans til englasöngsins.

Frá því er greint í þjóðsögum og viðar að vinnuharkan á jólaföstunni hafi sums staðar gengið svo langt að húsbaendur hafi sett svokallaðar augnitéprur á vinnufolkið svo það sofnaði síður við tóskapinn. Vist er um það að allar félagskonur Delta Kappa Gamma hafa í mörg horn að líta en það er von míni til ykkar allra að vinnuharkan hafi nú ögn mildast og að þið getið notið aðventunnar sem best. Með þeim orðum óska ég ykkur gleðiríkrar jólahátiðar og gæfu og farsældar á nýju ári.

Ingibjörg Einarsdóttir,
forseti landssambandsins

Evrópuráðstefna Delta Kappa Gamma International haldin í Turku í Finnlandi dagana 3. til 6. ágúst 2005

Ellefum Delta Kappa Gamma systur frá Íslandi sóttu ráðstefnuna í Turku. Eitt af því sem mér finnst gefa því gildi að vera í þessum samtókum eru tækifærin til að sækja ráðstefnur sem þessa og hitta aðrar konur; að endurnýja fyrrí kynning og mynda ný tengsl. Þá er lærdómurinn sem þar er miðlað oftast en ekki mjög áhugaverður.

Þema þingsins í Turku var "Moving forward: excellence in action" (Áfram veginn, yfirburðir/afbragð í verki) sprottið úr því þema sem núverandi alþjóðaforseti Jackie Cuppy setti fyrir árin tvö (2004-2006) sem hún situr sem forseti, en það þema er "The road to excellence" (Leiðin til afbragðs/yfirburða).

Hinar finnsku systur okkar höfðu svo valið þemað; Forests - Finnish Roots and Identity (Skógar – finnskur uppruni og sjálfsmynd) sem undirþema og tengdust allmörð atriði á ráðstefnunni því, bæði lykilerindi, skemmtiatriði sem og aðrar uppákomur á kvöldskemmtunum. Auk þess fjölluðu nokkrar málstofur beinlínis um efnið, þar af fáeinarr sem fóru fram utan dyra; í skóginum! Annars fjölluðu lykilfyrilestrar ráðstefnunnar um jafn margbreytilegt efni eins og: *Jákvaðan persónu- og félagsþroska, Erfðaqfrædi, Finnska Menntakerfið – að ná fram miklum gæðum og réttsgögn*, en þar var fjallað um PISA niðurstöðurnar, og auðvitað var fyrirlestur um finnsku skógana. Allir lykil-fyrirlesarnir eru vel þekktar og mikils metnar finnskar fræðakonur og báru erindi þeirra svip af því og voru mjög áhugaverð.

Þegar kom að þeim mörgu málstofu erindum sem voru í boði komu hinar íslensku Delta Kappa Gamma systur nokkuð við sögu; Anna Þóra Baldursdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir, Kristín Bjarnadóttir og Kristrún Ísaksdóttir fluttu allar erindi, sem voru vel lofuð. Sigrún Klara var veislustjóri í afmælishádegisverðinum á laugardaginn, auk þess sem Anna Þóra, Kristín og Sigríður Jónsdóttir kynntu alþjóðlegu nefndirnar sem þær sitja í. Framlög íslensku DKG systranna gerðu okkur hinar mjög stoltar af þeim!

Eitt atriði á ráðstefnunni fannst mér sérstaklega skemmtileg nýbreytni en það var kynning á listakonu frá hverju þáttökulandi. Ég tel að þetta sé eitthvað sem mætti gera að föstum lið og það þyrti að sjálfssögðu ekki alltaf að vera bundið við sjónlistakonur heldur gæti það alt eins

átt við tónskáld eða tónlistakonur, skáldkonur og leikkonur. Í þetta sinn kynntumst við sjónlistakonum frá öllum Evrópulöndum samtakanna í máli og myndum og jafnvel í eigin persónu! Kynning á íslensku listakonunni var í höndum undirritaðrar og valdi ég Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur, grafiklistakonu sem býr og starfar á Akureyri.

Það er bæði gagnlegt og gaman að sitja alþjóðaráðstefnur Delta Kappa Gamma og það var einstaklega gaman að koma til Finnlands. Mér finnst einkennandi fyrir Finna hve mikla áherslu þeir leggja á sögu- og menningarlegan bakgrunn sinn og það kom skýrt fram í þeim atriðum sem boðið var uppá til dæmis á Finnlandskvöldi ráðstefnunnar, hátiðarkvöldverðinum og öðrum slíkum uppákomum. Þar komu fram ungmenni sem ýmist léku og sungu, dönsuðu og/éða sögðu frá atvikum sem tengdust finniskri sögu, menningu og listum.


Að sækja alþjóðlegar ráðstefnur eins og þá sem hér hefur verið rædd er eða ætti að vera mikilvægur hluti af því að vera í Delta Kappa Gamma og það er jafnframt einstaklega skemmtilegt og gefandi að vera í hópi íslenskra félagssystra af sliku tilefni. Ég vil hvetja ykkur allar sem þetta lesið að nota hvert tækifæri sem ykkur býðst og sækja Delta Kappa Gamma ráðstefnur í framtíðinni.

Rósa Kristín Júlíusdóttir Beta-deild



*Ekkert strið – aðeins frið
dreymir saklaust barn með bros i augum.*

*Jakobína Sigurðardóttir.
„Hvað mun dreyma“*



Fjölbautaskóli Snæfellinga

Nýr framhaldsskóli með nýjar áherslur

Fjölbautaskóli Snæfellinga var stofnaður 2004 og er í eigu sveitarfélaganna á norðanverðu Snæfellsnesi; Grundarfjarðar, Helgafelssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólms, ásamt ríkinu.



Skólinn með Kirkjufell í baksýn

Skólinn er í Grundarfirði og er framhaldsskóli með áfangasniði, eins og flestir framhaldsskólar á landinu, en er að öðru leyti um margt nýstárlegur. Hugmyndafræði skólans byggir á hugmyndum um opinn skóla og var skólahúsnaðið hannað með tilliti til þess. Það er því lítið um hefðbundnar kennslustofur í skólanum en í staðinn eru margs konar rými, opin eða hálfopin, sum stór og önnur minni. Mikil áhersla er lögð á að skapa góðan vinnuanda og vinnuaðstöðu í skólanum og að nemendur skipuleggi tíma sinn sjálfir að nokkru leyti. Stundatafla er sveigjanleg og eru nemendur ýmist í fórum kennslustundum með mætingaskyldu eða verkefnatínum. Í verkefnatínum er ekki skipulögð kennsla heldur vinna nemendur að verkefnum sínum, en hafa aðgang að kennurum sínum ef þeir þurfa aðstoð. Nemendur ákveða sjálfir hvaða verkefnatíma þeir velja og geta því fengið meiri aðstoð í þeim greinum sem þeir þurfa að halda. Nemendur eru hvattir til að nýta verkefnatímana vel og þeir sem það gera geta lokið mestallri „heimavinnu“ áður en þeir fara heim á daginn.



Séð yfir stærsta námsrýmið – nemendur niðursokknir í vinnu sína

Þegar skólinn var stofnaður var honum falið að vera leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Mikið þróunarstarf fer fram í skólanum á þessum tveimur svíðum og margt spennandi að gerast. Má þar nefna að hefðbundnar kennsluaðferðir með áherslu á fyrilestraformið hafa vikið fyrir aðferðum sem gera kröfú á nemendur að þeir séu virkir í námi sínu og læri námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna.



Nemendur við vinnu sína – með stærðfræðikennarann innan seilingar

Einnig hefur mikið verið unnið að því að útfæra dreifnám sem blöndu af staðbundnu námi og fjarnámi þar sem nemendahópurinn er á staðnum en kennarinn (gestakennarinn) annars staðar á landinu – en kemur og hittir hópinn nokkrum sínum yfir ömninga. Ýmsar visbendingar gefa til kynna að þessar aðferðir skili nemendum góðum árangri í námi, en svolitið lengri tími þarf að líða áður en hægt verður að mæla það svo marktækt sé.

Öll kennsla í skólanum er skipulögð í gegnum námskjómunarkerfi sem heitir Angel og þar eru allar upplýsingar, fyrirmæli og leiðbeiningar fyrir nemendur á vísum stað. Angel er einnig notað til að skila verkefnum, taka próf og halda utan um einkunnir.

Aðsókn að skólanum hefur verið mjög góð og miklu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þannig voru rúmlega 100 nemendur í skólanum strax á fyrstu önn og núna eru um 220 nemendur í skólanum. Stærsti hópurinn er 16 til 20 ára nemendur í venjulegu dagskólanámi.



Nemendur í enskutíma hlusta á kennarann áður en þeir fara að vinna

Töluverður hópur af fullorðnu fólk er í hlutanámi og það hefur gengið sérlega vel. Margir í þessum hópi hafa lýst ánægju sinni yfir því að geta stundað nám með vinnu og án þess koma og hitta kennara nema t.d. einu sinni í viku eins og algengt er. Þetta er mögulegt bæði vegna þess að hve kerfið er sveigjanlegt og vegna þess að allt nám í skólanum er skipulagt í gegnum Angel-kerfið og því hægt að sinna því hvar sem nemendur komast í nettengda tölvu. Þriðji hópurinn eru 10. bekkingar úr grunnskólunum á svæðinu, en þeir koma í skólann einn dag í viku og taka ýmist eina eða tvö framhaldsskólaáfanga.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari



Gleðin hlýtur óhjákvæmilega að fylla það hjarta, sem brennur af kærleika.

Móðir Teresa

Frá Alfadeild

Það er farið að hausta og rökkva, lauf trjánna eru óðum að breyta um lit og náttúran skartar sínum fegurstu litum. Hauststörfin hafin og skólarnir fullir af eftirvæntingarfullum nemendum. Tími fundarhalda er að hefjast og ekki dugar annað en að fara á fulla ferð, fyrir en varir verða komin jól. Þetta er skemmtilegur tími.

Þetta verður líka skemmtilegur tími hjá Alfa deildinni, og þritugs afmælis samtakanna hér á landi minnst veglega þann 7. nóvember.

Stjórnin hefur hafið fundarhöld og bréfaskriftir og við leggjum upp með tillögum að fundum fram til áramóta. Okkar tillögur eru eftirfarandi: Haldnir verði fjórir fundir til áramóta. Fimmtudaginn 22. september klukkan 17:00. Fyrsti fundurinn haldinn í Norræna húsinu. Á dagskrá verður starfið framundan rætt og hugmyndir viðraðar. Sigrún Klara mun fjalla um Evrópuþingið í Turku í Finnlandi sem hún sótti ásamt tíu konum frá Íslandi. Að því loknu verða bornar fram léttar veitingar og spjallað saman um vetrarstarfið. Á fundinum biðjum við konur að greiða árgjaldið, sex þúsund krónur. Af þeirri upphæð fara fimm þúsund krónur til Landssambandsins, sem síðan greiðir ákveðna upphæð til höfuðstöðvanna.

Fimmtudaginn 20. október klukkan 17:00. Fundarstaður óákveðinn. Á fundinn kemur fulltrúi frá Heimili og skóla og fjallar um þau mál og kynningar fyrir okkur Saft verkefnið (samstarfsverkefni í Evrópu). Ef til vill getum við lagt þeim lið á einhvern hátt.

Mánuðaginn 7. nóvember klukkan 17:00. Afmælisfundurinn, undirbúningur er í fullum gangi.

Laugardaginn 3. desember klukkan 11:00. Jólfundur haldinn að Útnesi, Skildinganesi 48 í Skerjafirði.

Allar þessar tillögur eru settar fram með fyrirvara um að breytingar geti orðið á dagskránni.

Á merkum tímanótum Alfa deilda er gott að staldra við og skoða það sem unnist hefur frá stofnun Delta Kappa Gamma á Íslandi. Það viljum við gera með því að vekja enn meiri athygli á samtökunum út á við.

Stjórnin er að hefja sitt síðara starfsár og mun gera sitt besta til að starfsárið verði sem fjölbreyttast. Við hvetjum allar deildarkonur til að mæta vel á fundina á afmælisárinu og á þann hátt sýna styrkleika Alfa deilda, sem er stofndeildin á Íslandi.

Það er mjög ánægjulegt hversu fundimír eru vel sóttir af þeim konum sem stofnuðu samtökin hér á landi og hversu uppörvandi þær eru og ánægðar með störf stjórnarinnar.

Einnig viljum við minna á að enn eru ekki allar konur búnar að greiða árgjaldið fyrir síðasta ár, en eins og við vitum allar þarf gjaldkeri okkar að greiða fimm þúsund krónur til Landssambandsins fyrir hverja félagskonu.

Með góðum kveðjum.

Stjórn Alfa deilda



Hvernig færí til dæmis ef allar myndarlegar réttskapaðar stúlkur færú að hætta að hugsa uppá heimili, ganga í buxum á sunnudögum og stofna allrahanda félagsskap? Já hvernig færí? Hvernig mundá fara fyrir þjóðinni?

*Halldór Laxnes.
Saska Valka - Jóhann Bogesen*

Vorping 2006

Vorping verður haldið í Hafnarfirði 6. maí 2006 og eru allar félagskonur hvattar til að taka daginn frá og mæta vel.

Frá Betadeild

Vetrarstarf Betadeilda hófst með fundi stjórnar. Á fundinum var fjallað um vetrarstarfið með hliðsjón af viðmiðum sem lögð voru til grundvallar á landssambandsþinginu og drögum að áætlun Betadeilda, en á haustfundí okkar 2004 voru lögð drög að starfi deildarinnar til tveggja ára. Áætlunin felur í sér þróu megin viðfangsefni þ.e. að styrkja okkur sjálfar, efla samkennd og að auka þekkingu okkar á grenndarsamfélagini einkum í tengslum við störf kvenna.

Í samræmi við þetta verður kynning á konum sem hafa látið að sér kveða með einum eða öðrum hætti fastur þáttur á hverjum félagsfundi í vetur. Við skilgreinum hugtakið sjálfstyrkingu vitt þ.e. allt sem hefur jákvæð áhrif á okkur til líkama og sálar, hugar og handa hvort heldur sem er á einstaklingsgrunni eða sem hóps. Sjálfstyrking í vetur felst í virkjun félagsvenna á fundum og í nefndum, við öflun og flutning þekkingar, lestur bóka og kynningar á þeim, nánari rýni og umfjöllun valdra bóka eftir konur og enn frekari styrkingu í ræðu og ritun. Undir þetta fellur einnig rannsóknar- eða nýbreytnistörf einstakra kvenna innan deildarinnar; kynningar og umfjöllun.

S.I. haust voru stofnuð tengslatrió eða teymi þar sem allri deildinni var skipt upp í þriggja kvenna hópa. Meginmarkmið var að skerpa tengsl á milli kvenna, virkja þær og hvetja til þátttöku á fundum. Trióin fóru vel af stað og munu starfa með sama sniði í vetur.

Við hófum vetrarstarfið laugardaginn 17. september með menningarferð um Eyjafjörð. Bragi Guðmundsson, dósent við kennaradeild HA, var leiðsögumaður okkar. Ekki þarf að orlengja það en ferðin var stórkostleg í alla staði, veðurguðirnir, Bragi og andinn í hópnum sáu til þess. Bragi var sjór sagna en megin áhersla í kynningu hans tengdist menningarseturum við innanverðan fjörðinn og sögu, ekki síst þar sem konur áttu hlut að máli. Í þessari ferð spruttu hugmyndir um nánari kynningu á nokkrum þeirra fjöldamörgu eyfirsku kvenna sem hafa látið að sér kveða í gegnum tíðina.

Á októberfundi var kynning og umræða um vetrarstarfið og síðan kynnti María Steingrímsdóttir, Betasystir, rannsókn sem hún vann í tengslum við mastersverkefni sitt. María fylgdi sex nýbrautskráðum kennurum eftir fyrsta starfsárið í grunnskóla. Erindið nefndi hún "Reynsla og liðan nýbrautskráðra kennara" og lýsir það upplifunum kennara af

starfinu á fyrsta ári, m.a. móttöku, stuðningi og ábyrgð auk hugmynda um það sem betur má fara þessu tengt.

Nóvemberfundur verður haldinn í fyrstu viku í aðventu og er jafnframt jólafundur ásamt því að nýr félagi verður tekinn inn í deildina. Megin viðfangsefnið er *jólahefðir i ólikum menningarsamfélögum* og munum við fá góða gesti í heimsókn til þess að fjalla um jólahefðir í sínu heimalandi. Á jólafundi hefur skapast hefð fyrir sameiginlegri jólamáltið.

Janúarfundur verður með hefðbundnu sniði, þ.e. bókafundur. Þá kynna allar Betasystur áhugaverðar bækur sem þær hafa nýlega lesið. Fjöldi bóka er kynntur og bókalistinn skráður og þannig höfum við í höndum gott yfirlit áhugaverðra bóka úr öllum flokkum bókmennntanna. Á þessum fundi leggjum við allar eitthvað á borð með okkur sem gerir það að verkum að dýrindis jólakökuhlæðborð sprettur fram rétt eins og töfrasprota væri veifað.

Febrúarfundur ber einfaldlega heitið *sjálfstyrking*. Ýmislegt hefur verið rætt um innihald hans og ekki fyllilega frá gengið en um verður að ræða frekari styrkingu í ræðu og ritun.

Í mars verðum við með leshring. Tvær bækur hafa verið valdar til lestrar þ.e. *Karitas* eftir Kristinu Marju Baldursdóttur og *Hulduslóð* eftir Lisu Marklund. Markmiðið er að styrkja okkur sjálfar í greinandi umfjöllun um bækur og að efla samkennd innan hópsins með sterkum kvenbókahöfundum sem og sögupersónum.

Lokafundur verður með hefðbundnum hætti í maí. Eftir fundarstörf, gerum við okkar glaðan dag með góðum mat og drykk. Oft hefur verið farið út að borða eftir lokafund en á síðasta ári kvöddum við starfsárið í heimahúsi, markmiðið er að hafa sama háttinn á í vor. Þessi vorfundir eru hin besta hópefling sem völ er á.

Auk viðfangsefna sem nú hafa verið talin upp höfum við ákveðna fjárlöfun á hverjum fundi í formi happadrættis. Við söfnum í okkar eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Síðastliðinn vetur léttum við einnig litla pyngju ganga á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afrika. Í vor afhentum við UNICEF 50.000 krónur frá Betadeild í þessum tilgangi. Við höfum sama hátt á í vetur og væntum þess að söfnunin skili ekki síðri árangri að vori.

Það er óhætt að halda því fram að mikil virkni er í Betadeild. Við leggjum áherslu á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu en auk þess á deildin fulltrúa í landssambandinu og einnig í alþjóðasamtökunum. Ágætu systur í Delta Kappa Gamma við færum ykkur bestu óskir um farsæld í lífi og starfi.

Fyrir hönd Betadeilda
Halldóra Haraldsdóttir formaður.



Að safnast saman er upphafið. Að halda saman er framför. Að vinna saman er sigur.

Henry Ford

Við verðum að opna dyr tækifæranna. En við verðum líka að gera fólkini okkar fært að ganga í gegnum þær dyr.

Lyndon B. Johnson

Frá Epsilondeild

Síðastliðið starfsár var áherslan í Epsilondeildinni að fá ýmsa fræðslu sem tengdist handverki, hugviti og nýsköpun. Á komandi starfsári höfum við ákveðið að hafa yfirschrift vetrarstarfsins í anda framkvæmdaáætlunar DKG, þ.e. að fjalla og fræðast í sem viðasta skilningi, um áhrif umhverfis og aðstæðna á námsárangur. Í þessum anda blésum við til fyrsta fundar í Haukadalsskógi að loknum vinnudegi þann 28. september. Fegurð haustlitanna var mikil og endurnærandi þegar við gengum um skóginni í um eina klst. Við staðnæmdumst stutta stund í Gunnarslundi og skoðuðum útskorna og táknræna minningarsúlu sem þar er. Eftir gönguferðina settumst við inn í Haukadaliskirkju og áttum þar notalega stund í rökkrinu, sungum saman og hlýddum á félagskonu lesa okkur orð til umhugsunar. Því næst héldum við fund og snæddum saman léttan kvöldverð að Hótel Bratholti og útbjuggum óskalista um áherslur í vetrarstarfinu.

Annar fundur deildarinnar var haldinn í Grunnskólanum í Þorlákshöfn þann 20. október. Þorlákshöfn er orðið mjög fjölmenningarlegt samfélag og þar eru íbúar frá 16 þjóðlöndum. Samtals eru 28 nemendur í grunnskólanum af erlendu bergi brotnir eða um 14-15% af nemendafjöldanum. Guðrún S. Sigurðardóttir kennari sagði okkur hvernig skólinn reynir eftir bestu getu að mæta þörfum nemendanna með einstaklingsmiðuðu námi og svaraði fyrirspurnum. Við ræddum líka um ólikt umhverfi og menningu þessara nemenda og hversu erfitt það getur verið að uppfylla þá sjálfsögðu kröfu að börnin fái líka kennslu til að viðhalda móðurmáli sínu.

Priðja fund vetrarins ætlum við að halda í höfuðborginni þann 23. nóvember. Þá ætlum við hlýða á erindi í Málstofu KHÍ. sem ber yfirschriftina "Hvað vita börn um ofbeldi á heimilum". Siðan langar okkur að fara á listasýningu og borða saman áður en við höldum aftur austur yfir Hellisheiði.

Enn höfum við ekki raðað nákvæmlega niður þremur fundum eftir áramótin. Við ætlum samt að halda áfram að skoða í sem viðasta skilningi áhrif umhverfis og aðstæðna á námsárangur, m.a. ætlum við að fræðast um umhverfisverkefnið Græni fáninn í Þjórsáskóla og fleira sem sett var á óskalistann á fyrsta fundinum í haust en hefur ekki verið dagsett endanlega.

Með kveðju f.h. Epsilon deildar,
Elínborg Sigurðardóttir

Frá Etadeild

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn þriðjudaginn 4. október kl.20:00 í Skipholti 37, 3. hæð (húsnæði Kennaraháskóla Íslands). Stefánía V. Stefánsdóttir lektor flutti erindi sem hún nefndi „Neysluhættir unglings í tveimur grunnskólum Reykjavíkurborgar.”

Ráðgert er að annar fundur verði haldinn mánuðaginn 7. nóvember. Þá ætlar Rannveig G. Lund að fjalla um lustur. Tími, staður og nánari afmörkun efnis hefur ekki verið ákveðin.

Jólfundur verður haldinn föstudaginn 2. desember í Skipholti 37, og verður með hefðbundnu sniði. Þá snæðum við saman jólamat og fáum rithöfund í heimsókn til að lesa úr nýrri bók.

Dagskrá eftir áramót hefur ekki verið ákveðin.

Með bestu kveðju,
Gerður Guðmundsdóttir
Formaður Eta-deilda



*Einhverja nöttina koma skógarþrestirnir
að týna reyniðer af trjánum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.*

Vilborg Dagbjartsdóttir
„Nú haustar að“

Frá Gammadeild

Við stjórnarkonur hittumst hér um daginn til að ræða dagskrá haustannar og eru tillögur okkar þessar.

1. Haustferð til Stellu í Heydal, Mjóafirði v/Ísafjarðardjúp 16. – 18. sept.

Lagt af stað i rútu frá Essó í Ártúnabrekku föstudaginn 16. sept. kl. 17:00 og ekið sem leið liggur vestur í Heydal og gisti þar í 2 nætur. Daginn eftir, laugardag, verður sameiginlegur fundur Gammadeilda og Jótadeilda með skipulagðri dagskrá sem nánar verður tilkynnt síðar. Stefnt er að sameiginlegum kvöldverði og kvöldvöku áður en Jótakonur halda til síns heima. Við leggjum svo af stað heimleidis kl. 13:00 á sunnudag og komum til Reykjavíkur milli kl. 17:00 og 18:00. Tilvalið er að nýta frjálsan tíma fyrir vestan til gönguferða og berjatínslu ef til þess árar, en á vefsíðunni www.heydalur.is má sjá hvílka möguleika ævintýralandið og draumastaðurinn hennar Stellu okkar hefur uppá að bjóða.

2. Októberfundur, fimmtdaginn 13.10.05, kl. 20:00 heima hjá Stefaníu Arnórssdóttur í Fögrubrekku 16, Kópavogi.

Sesselja Snævarr deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu kynnir verkefnið „*Að lifa og læra í lýðræði*“, *Evrópuár um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi 2005*. Hægt er að kynna sér þetta verkefni á www.menntagatt.is.

3. Nóvemberfundur, miðvikudaginn 9.11.05, kl. 20:00 í Vogaskóla.

Vogaskóli er móðurskóli Reykjavíkurborgar að því er varðar *nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindrafreðslu*. Verkefnistjórar eru þær Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir.

4. Jólfundur, þriðjudaginn 6.12.05, kl. 20:00 heima hjá Ingibjörgu Einarsdóttur, Neðstaleyti 3, Reykjavík.

Hefðbundin dagskrá og skemmtilegheit sem nánar verður tilkynnt um síðar.

F.h. stjórnar
Kestrún Ísaksdóttir

Frá Þetadeild

Mæt félagskona, Alda Steinunn Jensdóttir, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 15. júní síðastliðinn og var útför hennar gerð frá Keflavíkurkirkju 23. júní. Alda fæddist á Eyrarbakka 16. september 1939. Hún hafði kennt við Fjölbautaskóla Suðurnesja í 22 ár þegar hún lést eftir stutta en erfiða baráttu við banvænan sjúkdóm. Hún var góður kennari, hugsaði vel um nemendur sína og gerði til þeirra sanngjarnar kröfur. Blessuð sé minning Öldu Steinunnar Jensdóttur.

Í vetrur eru fyrirhugaðir sex fundir í Þetadeild. Þegar þetta er skrifað hafa verið haldnir tveir fundur.

Fyrsti fundurinn var haldinn í september í Gerðaskóla í Garði. Við skoðuðum skólann með leiðsögn Auðar Vilhelmsdóttur kennara. Auður sagði okkur einnig frá fyrstu starfsárum skólans en hann hefur starfað frá árinu 1872. Við héldum síðan að Byggðasafninu í Garði, skoðuðum það og fengum okkur kaffisopa í nýju kaffihúsi sem þar er, Flösinni.

Annar fundurinn var haldinn í Heiðarskóla í október. Gestur fundarins var Sigrún Jóhannesdóttir menntaráðgjafi. Sigrún fræddi okkur um hvaða eiginleikar leiðtogaðar þurfa að búa yfir og sagði okkur frá leiðtogatíglinum.

Jólfundur verður í lok nóvember og á þann fund koma konur frá nokkrum fjarlægum löndum, s.s. frá Búlgaríu, Kolumbiu og Rússlandi og segja okkur frá jólahaldi í heimalöndum sínum.

Í janúar verður bókafundur þar sem konur kynna bækur sem þær hafa nýlega lesið. Eru þessir fundir ævinlega mjög skemmtilegir.

Í mars höldum við fund í Akurskóla í Innri Njarðvík en skólinn tók til starfa nú í haust. Skólinn verður skoðaður og Jónína Ágústsóttir skólastjóri segir okkur frá skólastarfinu.

Lokafundurinn verður í lok apríl en ekki er enn ljóst hvar hann verður haldinn.

Góðar kveðjur,
Sóley Halla Þórhalldóttir, formaður

**Stjórn og nefndir Landssambands Delta Kappa Gamma
2005-2007**

Stjórn

Ingibjörg Einarsdóttir	Gammadeild	forseti
Eyrún Gísladóttir	Etadeild	1. varaforseti
Anna Þóra Baldursdóttir	Betadeild	2. varaforseti
Helga Thorlacius	Betadeild	ritari
Berghóra Gísladóttir	Deltadeild	meðstjórnandi
Sjöfn Sigurbjörnsdóttir	Alfadeild	lögsgumáður
Guðbjörg M. Sveinsdóttir	Þetadeild	gjaldkeri

Fjárhagsnefnd

Elínborg Sigurðardóttir	Þetadeild	formaður
María Steingrimsdóttir	Betadeild	
Þróður Kristjánsdóttir	Deltadeild	

Uppstillingarnefnd

Magnea Ingólfssdóttir	Etadeild	formaður
Fanný Gunnarsdóttir	Alfadeild	
Jóhanna Karlsdóttir	Deltadeild	

Skoðun reikninga

Ingibjörg Jónasdóttir	Gammadeild	
Linda Rós Michaelsdóttir	Alfadeild	
Vilborg Jóhannsdóttir	Etadeild	

Laganefnd

Sigríður Guttormsdóttir	Epsilondeild	formaður
Helga Gunnarsdóttir	Deltadeild	
Marta Guðjónsdóttir	Alfadeild	

Félaga- og útbreiðslunefnd

Stefanía Arnórsdóttir	Gammadeild	formaður
Bryndís Guðmundsdóttir	Etadeild	
Ragnheiður Stefánsdóttir	Betadeild	

Útgáfunefnd

Auður Vilhelmsdóttir	Þetadeild	
Oddný G. Harðardóttir	Þetadeild	
Elín Rut Ólafsdóttir	Þetadeild	

Námsstyrkjanefnd

Anna Þóra Baldursdóttir	Betadeild	formaður
Sigrún Magnúsdóttir	Betadeild	
Steinunn Guðmundsdóttir	Jótadeild	

Menntamálanefnd

Kistrún Ísaksdóttir	Gammadeild	formaður
Vera Valgarðsdóttir	Epsilondeild	
Erna S. Ingvarsdóttir	Epsilondeild	

Afmælisnefnd

Áslaug Brynjólfsdóttir	Alfadeild	
Kristín Bjarnadóttir	Gammadeild	
Sigríður Jónsdóttir	Gammadeild	
Sigrún Klara Hannesdóttir	Alfadeild	
Sigrún Jóhannsdóttir	Deltadeild	

30 ára afmæli landssambandsins 2007

Markmið Delta Kappa Gamma samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að fræðslustörfum viðs vegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál almennt og konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félaga um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnsmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

